



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagurinn, 20. febrúar, 2013

Ákvörðun nr. 3/2013

Samruni Verkís hf. og Almennu verkfræðistofunnar hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 28. júní 2012 barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá lögfræðistofunni Logos þar sem tilkynnt var um samruna Almennu verkfræðistofunnar hf. og Verkís hf. (hér eftir ýmist Almenna, Almenna verkfræðistofan og Verkís). Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, sbr. reglur nr. 881/2005 um tilkynningu samruna með síðari breytingum.

Í kjölfar móttöku tilkynningarinnar hóf Samkeppniseftirlitið frumkönnun sína á mörkuðum samrunans. Átti Samkeppniseftirlitið fund með samrunaaðilum þann 13. júlí þar sem samrunaaðilar fylgdu samrunatilkynningu og samrunaskrá sinni úr hlaði. Töldu samrunaaðilar að samruninn væri rökrétt framhald þeirra samruna sem hafi átt sér stað á árinu 2008 og leiddu til stofnunar Verkís.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 1. ágúst 2012, tilkynnti eftirlitið málsaðilum að það teldi ástæðu til að rannsaka frekar samkeppnisleg áhrif samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga nr. 44/2005. Við frekari rannsókn kom hins vegar í ljós að þær upplýsingar sem veittar höfðu verið í samrunatilkynningu og samrunaskrá frá 28. júní 2012 höfðu ekki verið fullnægjandi og samrunatilkynningin því ógild. Einkum komu fram upplýsingar um samstarf félaganna Mannvits hf. (hér eftir Mannvit) og Verkís í gegnum félögin HRV ehf. (hér eftir HRV) og Mannvit-Verkís ehf. (hér eftir Mannvit-Verkís) og á öðrum vettvangi, sem þýðingu höfðu við mat á samrunanum og ekki var gerð grein fyrir í samrunatilkynningu. Í tengslum við meðferð málsins barst Samkeppniseftirlitinu raunar undanþágubeiðni, dags. 16. október 2012, vegna samstarfs Mannvits og Verkís við ráðgjafarþjónustu við virkjanir Landsvirkjunar og Þeistareykja ehf. að Þeistareykjum og í Bjarnarflagi í gegnum félagið Mannvit-Verkís. Taldi Samkeppniseftirlitið að þær upplýsingar sem komið hefðu í ljós við rannsókn málsins, en lágu ekki fyrir í tilkynningunni, gerðu Samkeppniseftirlitinu ómögulegt að kortleggja markaðinn og virkni samkeppni á honum með fullnægjandi hætti á grundvelli samrunatilkynningar samrunaaðila.

Eftir að Samkeppniseftirlitið hafði tilkynnt um að upphafleg samrunatilkynning væri ófullnægjandi, með bréfi dags. 1. nóvember 2012, barst Samkeppniseftirlitinu ný samrunatilkynning og samrunaskrá vegna samruna Verkís og Almennu verkfræðistofunnar, dags. 20. nóvember 2012. Í þeirri samrunatilkynningu hafði verið



bætt úr þeim annmörkum sem Samkeppniseftirlitið hafði bent á að væru á fyrri samrunatilkynningu. Þeir annmarkar vörðuðu einkum umfjöllun um samstarf samrunaaðila við keppinauta auk umfjöllunar um hagsmunasamtök sem samrunaaðilar eru aðilar að. Í nýrri samrunatilkynningu kom fram ósk samrunaaðila um sáttaviðræður vegna þeirra hugsanlegu vandkvæða sem Samkeppniseftirlitið teldi að leiða kynnu af samrunanum.

Í kjölfarið hafa viðræður Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila leitt til þess að Verkís og Almenna verkfræðistofan hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér skilyrði fyrir þeim samruna sem fjallað er um í máli þessu, en nánar er fjallað um skilyrðin í niðurstöðukafla þessarar ákvörðunar.

II. Niðurstöður

1. Samruninn og aðilar hans

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yfirráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í samrunatilkynningu kemur fram að Verkís sé félag sem veiti ráðgjafarþjónustu á öllum sviðum verkfræði. Tilgangur Verkís samkvæmt samþykktum félagsins sé m.a. að veita ráðgjafarþjónustu í verkfræði og skyldum greinum. Aðalstöðvar fyrirtækisins séu í Reykjavík og útibú annarsstaðar eftir því sem ástæða þyki til. Starfsemi félagsins sé skipt upp í fimm svið; umhverfis og framkvæmdasvið, byggingasvið, iðnaðarsvið, jarðvarma- og veitusvið og vatnsorku- og orkuflutningssvið.

Almenna verkfræðistofan sé félag sem annist ráðgjafarþjónustu í verkfræði og aðra tengda starfsemi. Aðalstöðvar fyrirtækisins séu í Reykjavík. Starfsemi fyrirtækisins sé skipt upp í fjögur markaðssvið; byggingar og iðnað, orku og veitur, umhverfi og skipulag og verkefnastjórnun. Þá hafi Almenna haslað sér völl á verkfræðimarkaðnum í Noregi á undanförunum misserum og stofnað útibú um starfsemina í Osló. Hafi hlutfall erlendra tekna af heildartekjum félagsins farið vaxandi.

Með yfirlýsingu, dags. 21. júní 2012, lýstu Verkís og Almenna yfir vilja sínum til að sameina félögin. Þann 28. júní 2012 undirrituðu félögin samning um sameiningu félaganna. Sama dag gerðu stjórnir félaganna samrunaáætlun samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995. Er því um að ræða algeran félagaréttarlegan samruna þar sem Almenna verkfræðistofan gengur inn í Verkís.

Af þessu leiðir að um er að ræða samruna keppinautanna Verkís og Almennu og kemur hann til athugunar samkvæmt samrunareglum samkeppnislaga enda eru veltuskilyrði laganna uppfyllt.



2. Markaður málsins

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgöngubjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markaði út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum. Annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar út frá landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnistrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

2.1 Þjónustumarkaðir

Með viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngubjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara eða staðgöngubjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar vöru eða þjónustu.

2.1.1 Sjónarmið samrunaaðila

Samrunaaðilar telja að rétt sé að skilgreina vörumarkaðinn sem málið varðar svo:

„Telja samrunaaðilar að ekki sé sérstök ástæða til þess að skipta markaðnum í undirmarkaði í máli þessu en þó verður ekki framhjá því litið að framkvæmdastjórn EB hefur talið það tækt. Hér á eftir verður því farið nokkrum orðum um undirgreinar verkfræði og starfssvið samrunaaðila. Af því tilefni skal tekið fram að eðlilegt er að verkfræðingar sérhæfi sig að einhverju leyti með tillit til þarfa verkkaupa almennt. Þótt mögulega mætti skilgreina markaðinn með framangreindum hætti, þ.e. út frá viðkomandi sérsviði þá ganga samrunaaðilar út frá því að markaðurinn sem um ræðir í máli þessu sé markaðurinn fyrir sölu á verkfræðibjónustu. Samrunaaðilar hafa að nokkru leyti starfað á ólíkum sviðum þar sem Verkís hefur lagt töluverða áherslu á þjónustu við virkjanir og tengd mannvirkni en Almenna hefur lagt meiri áherslu á mannvirki. Hefur Verkís jafnan verið á meðal bjóðenda í stærri virkjunarframkvæmdum á Íslandi. Þá hefur AV haslað sér völl í Noregi meðal annars með opnun útibús í Osló sem Verkís hefur ekki gert. Eigi að síður hafa fyrirtækin bæði á að skipa fjölda verkfræðinga sem sérhæfðir eru á hinum ýmsu sviðum.

Önnur leið við markaðsskilgreiningu gæti verið sú að miða við stærð verkefna. Leiða má að því líkum að samstarf á milli verkfræðistofa eða tiltekin stærð á verkfræðistofu sé nauðsynleg þegar ráðist er í stærri verkefni sem svo sem virkjanir eða málmbraðslur. Þrátt fyrir að sjálfstætt starfandi verkfræðingar eða smærri verkfræðistofur geti ekki tekið slík verkefni að sér í heild sinni er ekki útilokað að smærri fyrirtæki á sviði verkfræðiráðgjafar eigi einhverja aðkomu að slíkum verkefnum. Hér þarf einnig að hafa í huga að eftir því sem verkefni verða stærri og meiri fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi aukast líkurnar á því að verkefnin verði boðin út og áhugi erlendra fyrirtækja vakni. Í sjálfu sér er þó ekkert einhlítt í þessum efnum. Er það afstaða samrunaaðila að ekki sé ástæða til þess að skipta markaðnum eftir stærð verkefna.“



Samkeppniseftirlitið telur rétt að skilja sjónarmið samrunaaðila sem svo að vörumarkaðurinn sé vítt skilgreindur markaður fyrir verkfræðiþjónustu. Það er sjónarmið samrunaaðila að ekki sé þörf á því að skipta markaðnum fyrir verkfræðiþjónustu í undirmarkaði hvorki eftir eðli né stærð verkefna. Samrunaaðilar taka þó fram að slíkt kunni að vera tækt, sbr. fyrri fordæmi framkvæmdastjórnar ESB og stærð fyrirtækja sem bjóða í stærri verk á markaðnum.

2.1.2 Mat Samkeppniseftirlitsins

Samruni þessa máls tekur að meginstefnu til sölu á verkfræðiþjónustu. Hér er einkum átt við sölu á þjónustu verkfræðinga en tengd starfsemi eins og þjónusta arkitekta og annarra sérfræðinga, t.d. jarðfræðinga og náttúrufræðinga, getur hér einnig haft þýðingu. Verður nú vikið að þeim mörkuðum sem hér eiga við.

Skilgreining samrunaaðila á vörumarkaðnum tekur til starfsemi sem felst í allri verkfræðiþjónustu sem veitt er hér á landi, þ.e. allt frá verkfræðiþjónustu sem veitt er við viðhald og nýbyggingar íbúðarhúsa, til verkfræðiþjónustu sem veitt er í stórum og flóknum verkefnum eins og við hönnun stórra mannvirkja, orkuvera, jarðgangna og verksmiðja.

Samkeppniseftirlitið hefur áður í nokkrum málum fjallað um samruna á verkfræðimarkaðnum á Íslandi. Á árunum 2007 og 2008 átti sér stað talsverð samþjöppun á markaðnum sem hefur mótað þá markaðsgerð sem er á markaðnum í dag. Athugun Samkeppniseftirlitsins á þeim samrunum leiddi ekki til íhlutunar og markaðir voru því ekki skilgreindir með nákvæmum hætti í þeim málum.

Framkvæmdastjórn ESB hefur ekki í mörgum málum fjallað um markaðinn fyrir verkfræðiþjónustu. Framkvæmdastjórnin fjallað þó um markaðinn fyrir verkfræðiþjónustu í samrunamáli fyrirtækjanna Vinci og Gegelec.¹ Vegna þess að athugun samrunans leiddi ekki til íhlutunar taldi framkvæmdastjórnin ekki nauðsynlegt að skilgreina vörumarkaðinn með ítarlegum hætti. Framkvæmdastjórnin komst þó að þeirri niðurstöðu að tækt væri að skilgreina undirmarkaði á grundvelli sérsviða innan verkfræðinnar, t.d. markað fyrir vélaverkfræði og markað fyrir rafmagnsverkfræði. Jafnframt væri mögulegt skilgreina frekari undirmarkaði eftir mismunandi eðli viðskiptavina og fleiri þáttum.²

Til að geta notað starfsheitið verkfræðingur, tæknifræðingur eða arkitekt þarf að öðlast leyfi ráðherra skv. lögum nr. 8/1996 um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum. Í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur fram að engum megi veita leyfi til að bera starfsheiti sem tiltekin eru í lögnum nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðkomandi starfsgrein.

Starfsheiti flestra starfsmanna verkfræðistofa á Íslandi falla undir framangreind lög nr. 8/1996. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki ástæða til að skipta markaðnum eftir þeirri menntun sem starfsmenn verkfræðistofa búa yfir. Þannig hefur, t.a.m. ekki verið

¹ Ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 26. mars 2010 í máli nr. M.5701 VINCI/GEGELEC.

² Sjá mgr. 11, 14 og 15 í ákvörðuninni: „*Au-delà du type de génie (climatique, électrique, mécanique) et du type de travaux (installation ou maintenance), une distinction peut également être opérée en fonction de la clientèle (résidentielle et non résidentielle).*” [einungis gefin út á frönsku].



óskað eftir sundurliðun á tekjum fyrirtækja sem starfa á markaðnum eftir menntun og starfssviði starfsmanna.

Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins á markaðnum hefur komið í ljós að á markaðnum starfar töluverður fjöldi fyrirtækja. Þessi fyrirtæki eru þó ólík í uppbyggingu sinni. Sem dæmi má nefna fyrirtæki sem halda utan um ráðgjafþjónustu örfárra sérfræðinga, meðalstór fyrirtæki sem sérhæfa sig á ákveðnum sviðum verkfræðinnar t.d. rafmagnsverkfræði og fyrirtæki sem hafa á sínum snærum nokkur hundruð sérfræðinga sem taka að sér verkefni á öllum sviðum verkfræðinnar. Að mati Samkeppniseftirlitsins er því ljóst að uppbygging og gerð fyrirtækja sem starfa á markaðnum er nokkuð ólík. Verður að telja að verkfræðistofur sem starfa á afmörkuðu sviði verkfræðinnar eða hafa færri en fimm til tíu sérfræðinga á sínum snærum veiti samrunaaðilum og öðrum keppinautum af svipaðri stærðargráðu afar takmarkað samkeppnislegt aðhald.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er markaður þessa máls markaður fyrir ráðgefandi verkfræðistofur. Að mati Samkeppniseftirlitsins er rétt að afmarka markaðinn við verkfræðifyrirtæki sem veita verkfræðiþjónustu til þriðja aðila, þ.e. útselda verkfræðiþjónustu sem ekki er veitt í beinum tengslum við aðra starfsemi, t.d. vörusölu. Ekki er þörf á að afmarka markaðinn frekar í ljósi aðstæðna í þessu máli.

Að mati Samkeppniseftirlitsins kemur vel til greina að skilgreina tiltekna undirmarkaði vegna verkfræðiþjónustu, líkt og framkvæmdastjórn ESB hefur talið tækt að gera. Slík skilgreining er þó óþörf í þessu máli, m.a. í ljósi þess að Samkeppniseftirlitið hefur gert sátt við samrunaaðila vegna málsins og þeirrar staðreyndar að báðir samrunaaðilar veita þjónustu á breiðu sviði verkfræðinnar. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur einkum leitt í ljós mögulegan undirmarkað vegna stórra verkefna, t.d. vegna stóriðju- eða virkjanaframkvæmda. Þjónusta og umsjón vegna hönnunar og eftirlits með slíkum verkefnum er í raun einungis á færi allra stærstu verkfræðistofa landsins. Minni verkfræðistofur geta þó komið að afmörkuðum þáttum slíkra verkefna t.d. sem undirverktakar eða samstarfsaðilar stærri verkfræðistofa.

2.2 Landfræðilegur markaður

Samrunaaðilar telja að landfræðilegur markaður málsins nái til landsins alls og út fyrir það. Verkfræðiráðgjöf sé þess eðlis að hún sé ekki háð tiltekinni staðsetningu, markaðurinn afmarkist heldur af þekkingu viðkomandi fyrirtækis. Ekkert sé því til fyrirstöðu að íslenskir verkfræðingar starfi erlendis og öfugt. Verkfræðiþjónusta sé þess eðlis að hún sé iðilega boðin út vegna skuldbindinga í samningnum um hið evrópska efnahagssvæði. Samrunaaðilar hafi til að mynda báðir hafið starfssemi á erlendri grundu á undanförunum árum. Því megi leggja til grundvallar að markaður málsins sé EES-svæðið og jafnvel alþjóðlegur. Reglur um innri markað EES geri það þó að verkum að auðveldara sé fyrir fyrirtæki stofnsett innan svæðisins að taka af sér verkefni hér á landi.

Samrunaaðilar nefna ýmis dæmi um aðkomu erlendra aðila að stórum verkefnum á Íslandi, m.a. vegna virkjana og stærri mannvirkja. Af því megi leiða að stóru verkefni á Íslandi séu í raun öll á alþjóðlegum markaði og fyrirtæki sem íslensk verkfræðifyrirtæki keppi við séu 500-8.000 manna fyrirtæki sem ekki séu auðveldir keppinautar.



Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessa skilgreiningu samrunaaðila á landfræðilegum mörkum málsins.

Framkvæmdastjórn ESB komst að þeirri niðurstöðu í áður tilvitnuðu máli vegna samruna fyrirtækjanna Vinci og Gegelec, að markaðir máls gætu verið skilgreindir sem landsmarkaðir í ákveðnum tilvikum en sem svæðisbundnir markaðir (f. *régional*) í öðrum tilfellum.³ Af framangreindu er ljóst að framkvæmdastjórn ESB telur markaði fyrir verkfræðipjónustu almennt afmarkaða við landsvæði tiltekinna aðildarríkja eða afmarkaða hluta þeirra.⁴

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur leitt sambærilega stöðu í ljós, þ.e. að markaður fyrir ráðgefandi verkfræðistofur sé yfirleitt afmarkaður við Ísland. Þeir aðilar, aðrir en samrunaaðilar, sem Samkeppniseftirlitið hefur rætt við og aflað upplýsinga frá telja að aðkoma erlendra verkfræðifyrirtækja að íslenska verkfræðimarkaðnum sé takmörkuð og að aðkoma slíkra fyrirtækja hafi dregist saman á undanförunum áratugum. Ástæða þess sé m.a. sú að samkeppnishæfni innlendra verkfræðifyrirtækja hafi aukist á þessum tíma. Innlend fyrirtæki séu nú betur í stakk búinn til að taka að sér stærri og flóknari verkefni vegna aukinnar tækniþekkingar og stærðar fyrirtækjanna. Þá hafi aðkoma erlendra verkfræðifyrirtækja að verkefnum á Íslandi einnig dregist merkjanlega saman í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008, en ástæða þess sé m.a. bætt samkeppnisstaða innlendra verkfræðistofa vegna gengismunar.

Aðkoma erlendra fyrirtækja að verkfræðipjónustu hér á landi er að stærstum hluta afmörkuð við stærstu hönnunarverkefni á Íslandi. Aðkoma erlendra verkfræðifyrirtækja að afar sérhæfðum verkefnum er jafnframt til staðar, einkum þegar um er ræða tækniþekkingu sem innlendir sérfræðingar búa ekki yfir. Þegar erlend verkfræðifyrirtæki hafa tekið að sér verkefni á Íslandi er það nánast án undantekninga gert í einhvers konar samstarfi eða samvinnu við innlenda verkfræðinga.

Ekki er þörf á að taka endanlega afstöðu til afmörkunar landfræðilegs markaðar vegna aðstæðna í þessu máli. Í ljósi framangreinds er það þó mat Samkeppniseftirlitsins að líkur séu á því að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland. Erlend verkfræðifyrirtæki kunna að veita innlendum verkfræðifyrirtækjum ákveðið aðhald þegar kemur að stærstu hönnunarverkefnum hér á landi, t.d. vegna framkvæmda við stærri mannvirki og við virkjana- og stóriðjuframkvæmdir. Sama staða eigi ekki við í almennum verkefnum á sviði verkfræði hér á landi.

3. Staða samrunaaðila á markaði fyrir ráðgefandi verkfræðistofur á Íslandi

Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga um tekjur ráðgefandi verkfræðistofa á Íslandi, með fleiri en fimm til tíu sérfræðinga, vegna veittrar ráðgjafarþjónustu á Íslandi og á erlendri grundu á árunum 2010 og 2011.

³ Ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 26. mars 2010 í máli nr. M.5701 VINCI/GEGELEC.

⁴ Sjá sambærilega niðurstöðu franskra samkeppnisyrivalda frá janúar 2009 í máli nr. C2008-117 samruni fyrirtækjanna Clemessy og Crystal. Aðgengilegt á slóðinni: http://www.economie.gouv.fr/files/directions_services/dgccrf/boccrf/2009/09_01bis/c2008_117_eiffage_clemes_syetcrystal.pdf.



Tafla 1 Tekjur og hlutdeild verkfræðistofa á Íslandi árið 2010

Fyrirtæki	Tekjur	Hlutdeild
Verkís	[...] ⁵ kr.	[15-20]%
Almenna verkfræðistofan	[...] kr.	[0-5]%
Samrunaaðilar samtals	[...] kr.	[20-25]%
Foss ráðgjöf (100%) ⁶	[...] kr.	[0-5]%
Verkfræðistofa Suðurnesja (70%)	[...] kr.	[0-5]%
Mannvit-Verkís (50%)	[...] kr.	[0-5]%
HRV (36%)	[...] kr.	[20-25]%
Mannvit	[...] kr.	[20-25]%
EFLA	[...] kr.	[10-15]%
Hatch (ehf. og útibú)	[...] kr.	[0-5]%
VSÓ ráðgjöf	[...] kr.	[0-5]%
Raftákn verkfræðistofa	[...] kr.	[0-5]%
Hnit	[...] kr.	[0-5]%
Ferill	[...] kr.	[0-5]%
VJI ⁷	[...] kr.	[0-5]%
Vatnaskil	[...] kr.	[0-5]%
Verkfræðistofa Austurlands	[...] kr.	[0-5]%
Lagnatækni	[...] kr.	[0-5]%
Verkfræðistofa Norðurlands	[...] kr.	[0-5]%
Strendingur	[...] kr.	[0-5]%
VSF verkfræðistofa	[...] kr.	[0-5]%
Ans ráðgjöf	[...] kr.	[0-5]%
Hraun JV (EFLA og VA)	[...] kr.	[0-5]%
Verkfræðistofa Suðurlands	[...] kr.	[0-5]%
Vista	[...] kr.	[0-5]%
Afl og orka	[...] kr.	[0-5]%
Verkhönnun	[...] kr.	[0-5]%
Klettur verkfræðistofa	[...] kr.	[0-5]%
Samtals	[u.þ.b. 14,5 ma.] kr.	100%

Framangreind tafla 1 sýnir hlutdeild verkfræðifyrirtækja vegna sölu á ráðgjafarþjónustu á Íslandi árið 2010. Samkvæmt töflunni er markaðshlutdeild samrunaaðila á árinu 2010 um 20-25%. Þessi hlutdeild endurspeglar þó ekki raunverulegan styrk aðila á markaðnum, sbr. umfjöllun hér að neðan.

⁵ Trúnaðarupplýsingar eru auðkenndar innan hornklofa [...].

⁶ Eignarhlutur samrunaaðila í öðrum félögum er sýndur innan sviga.

⁷ Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar.



Tafla 2 Tekjur og hlutdeild verkfræðistofa á Íslandi árið 2011

Fyrirtæki	Tekjur	Hlutdeild
Verkís	[...] kr.	[10-15]%
Almenna verkfræðistofan	[...] kr.	[0-5]%
Samrunaaðilar samtals	[...] kr.	[15-20]%
Foss ráðgjöf (100%)	[...] kr.	[0-5]%
Verkfræðistofa Suðurnesja (70%)	[...] kr.	[0-5]%
Mannvit-Verkís (50%)	[...] kr.	[0-5]%
HRV (36%)	[...] kr.	[25-30]%
Mannvit	[...] kr.	[20-25]%
EFLA	[...] kr.	[5-10]%
Hatch (ehf. og útibú)	[...] kr.	[5-10]%
VSÓ ráðgjöf	[...] kr.	[0-5]%
Raftákn verkfræðistofa	[...] kr.	[0-5]%
Hnit	[...] kr.	[0-5]%
Ferill	[...] kr.	[0-5]%
VJI	[...] kr.	[0-5]%
Ans ráðgjöf	[...] kr.	[0-5]%
Vatnaskil	[...] kr.	[0-5]%
VSB verkfræðistofa	[...] kr.	[0-5]%
Verkfræðistofa Austurlands	[...] kr.	[0-5]%
Verkfræðistofa Norðurlands	[...] kr.	[0-5]%
Lagnatækni	[...] kr.	[0-5]%
Strendingur	[...] kr.	[0-5]%
Verkfræðistofa Suðurlands	[...] kr.	[0-5]%
Vista	[...] kr.	[0-5]%
Afl og orka	[...] kr.	[0-5]%
Verkhönnun	[...] kr.	[0-5]%
Hraun JV (EFLA og VA)	[...] kr.	[0-5]%
Klettur verkfræðistofa	[...] kr.	[0-5]%
Samtals	[u.þ.b. 20 ma.] kr.	100%

Framangreind tafla 1 sýnir hlutdeild verkfræðifyrirtækja vegna sölu á ráðgjafarþjónustu á Íslandi árið 2011. Samkvæmt þessum tölum eru samrunaaðilar með um 15-20% markaðshlutdeild árið 2011.

Þessar tölur gefa þó ekki rétta mynd af raunverulegri stöðu aðila á markaðnum vegna þess að Verkís á stóra eignarhluti í nokkrum félögum sem hafa töluverðar tekjur á markaðnum. Verkís á 100% hlut í félaginu Foss ráðgjöf sem stofnað var vegna samstarfs forvera Verkís og Mannvits vegna virkjunarframkvæmda við Hvamms-, Holta-, og Urriðafossvirkjun. Verkís á 70% hlut í Verkfræðistofu Suðurnesja. Verkís á 50% hlut í félaginu Verkís-Mannvit sem mun hafa töluverðar tekjur á næstu árum vegna ráðgjafarvinnu við virkjanir Landsvirkjunar að Þeistareykjum og í Bjarnarflagi. Þá á Verkís



36% hlut í HRV holding ehf. á móti Mannviti, en HRV er stærsta verkfræðifyrirtæki landsins með um 25-30% hlutdeild á markaðnum árið 2011.

Af framangreindu er ljóst að raunveruleg hlutdeild hins sameinaða félags á markaðnum er talsvert hærrí en tölurnar gefa til kynna eða um 30-35% árið 2010 og um 25-30% árið 2011. Þá hefur samstarf samrunaaðila við keppinauta á markaðnum töluverð áhrif á mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans, eins og fjallað er um hér að neðan.

Tafla 3 Tekjur íslenskra verkfræðistofa erlendis á árinu 2011

Fyrirtæki	Tekjur	Hlutdeild
Verkís	[...] kr.	[20-25]%
Almenna verkfræðistofan	[...] kr.	[15-20]%
Samrunaaðilar samtals	[...] kr.	[35-40]%
Foss ráðgjöf (100%)	[...] kr.	[0-5]%
Verkfræðistofa Suðurnesja (70%)	[...] kr.	[0-5]%
Mannvit-Verkís (50%)	[...] kr.	[0-5]%
HRV (36%)	[...] kr.	[0-5]%
EFLA	[...] kr.	[30-35]%
Mannvit	[...] kr.	[5-10]%
Vatnaskil	[...] kr.	[5-10]%
Raftákn verkfræðistofa	[...] kr.	[0-5]%
VSÓ ráðgjöf	[...] kr.	[0-5]%
Hnit	[...] kr.	[0-5]%
VJI	[...] kr.	[0-5]%
Verkfræðistofa Suðurlands	[...] kr.	[0-5]%
VSB verkfræðistofa	[...] kr.	[0-5]%
Lagnatækni	[...] kr.	[0-5]%
Ferill	[...] kr.	[0-5]%
Strendingur	[...] kr.	[0-5]%
Vista	[...] kr.	[0-5]%
Verkfræðistofa Norðurlands	[...] kr.	[0-5]%
Verkhönnun	[...] kr.	[0-5]%
Ans ráðgjöf	[...] kr.	[0-5]%
Afl og orka	[...] kr.	[0-5]%
Verkfræðistofa Austurlands	[...] kr.	[0-5]%
Klettur verkfræðistofa	[...]kr.	[0-5]%
Hraun JV (EFLA og VA)	[...] kr.	[0-5]%
Samtals	[u.þ.b. 2,5 ma.] kr.	100%

Tafla 3 sýnir sölu verkfræðifyrirtækja á Íslandi á ráðgjafarþjónustu erlendis árið 2011. Óskað var eftir sundurgreindum upplýsingum um tekjur þessara aðila erlendis til að varpa ljósi á mikilvægi erlendra verkefna fyrir íslenskar verkfræðistofur. Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 drógust verkefni verkfræðifyrirtækja á Íslandi töluvert saman og hafa innlendar verkfræðistofur því lagt í töluverða markaðssókn erlendis, einkum í Noregi.



Um 10-15% tekna íslenskra verkfræðifyrirtækja komu erlendis frá árið 2011, en aðstæður til markaðssóknar erlendis hafa verið góðar undanfarin misseri m.a. vegna gengismunar og tiltölulega lágs launakostnaðar hér á landi.

4. Niðurstaða

Meðferð málsins hefur verið lýst í inngangskafli þessarar ákvörðunar en þar kemur m.a. fram að athugun vegna upprunalegrar samrunatilkynningar og samrunaskrár hafi lokið án endanlegrar niðurstöðu. Ástæða þess var m.a. sú að samstarfi samrunaaðila við keppinauta þeirra á markaðnum fyrir verkfræðipjónustu á Íslandi var ekki lýst með nægjanlega skýrum og tæmandi hætti í samrunatilkynningu og samrunaskrá. Í kjölfarið sendu samrunaaðilar inn nýja samrunatilkynningu þar sem fullnægjandi upplýsingar samkvæmt samkeppnislögum og reglum Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamála komu fram.

Á árunum 2007 og 2008 varð töluverð samþjöppun á verkfræðimarkaðnum á Íslandi þar sem tilkynnt var um sex samruna, sbr. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins í málum nr. 20/2007 og nr. 38, 39, 40, 42 og 56/2008. Leiddu þessir samrunar til þeirrar myndar sem blasir við á markaðnum í dag en í kjölfar þessara samruna urðu til þrjú stærstu verkfræðifyrirtæki landsins, þ.e. Mannvit, Verkís og EFLA hf. (hér eftir EFLA). Í ákvörðunum í málum nr. 38, 42 og 56/2008, sem vörðuðu forvera Mannvits og Verkís, var Samkeppniseftirlitið með sérstakan fyrirvara vegna eignarhalds félaganna Mannvits og Verkís og forvera þeirra á HRV. Sagði m.a. orðrétt í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 56/2008, *Samruni VST-Rafteikningar hf., Fjarhitunar hf., Fjölhönnunar ehf.*:

„Í máli þessu er þó rétt að líta til félagsins HRV ehf. Það félag er í eigu Mannvits og VST-RAF [í dag Verkís] og felur í sér samvinnu þessara aðila á sviði stóriðjuverkefna. Eigendur HRV eru öflugir aðilar og með samruna þessum hefur átt sér stað samþjöppun á markaðnum. Í ljósi þessa kann að vera ástæða til þess að taka til skoðunar í öðru máli hvort samvinna og hagsmunatengsl sem leiða af HRV geti raskað samkeppni í skilningu 10. gr. samkeppnislaga í verkfræðipjónustu hér á landi.“

Hér að ofan er að finna umfjöllun um hlutdeild samrunaaðila á markaði fyrir ráðgefandi verkfræðistofur á Íslandi. Þar kom fram að sameiginleg hlutdeild samrunaaðila á markaðnum er um 20-25% á árinu 2010 en 15-20% á árinu 2011. Þá kom einnig fram að þessar tölur gæfu ekki rétta mynd af hlutdeild og stöðu samrunaaðila á markaðnum vegna þeirra fyrirtækja sem Verkís á eignarhlut í. Hlutdeild samrunaaðila bæði árin er nær þrjátíu prósentu markinu. Þá ber einnig að líta til þess að hlutdeild flestra annarra fyrirtækja á markaðnum er margfalt lægri en sameiginleg hlutdeild samrunaaðila. Einu fyrirtækin sem búa við sambærilega stöðu eru verkfræðistofurnar EFLA og Mannvit.

Á meðal þeirra fyrirtækja sem Verkís á eignarhlut í eru félögin Mannvit-Verkís og Foss ráðgjöf ehf. Bæði þessi félög voru stofnuð vegna sameiginlegra tilboða félaganna Verkís, Mannvits og forvera þeirra í verkefni á vegum Landsvirkjunar. Foss ráðgjöf var stofnað vegna útboðs Landsvirkjunar NTH-60 á ráðgjafarþjónustu vegna Hvamms- Holta- og Urriðafossvirkjunar í Neðri Þjórsá. Mannvit-Verkís var stofnað vegna útboðs Landsvirkjunar og Þeistareykja ehf. NAL-60 á ráðgjafarþjónustu vegna Bjarnarflags- og



Þeistareykjavirkjunar. Þá eiga Verkís og Mannvit einnig í sameiningu félagið HRV Holding ehf. og dótturfélög þess sem sérhæfa sig m.a. í verkfræðiráðgjöf við stóriðju og þá einkum álver.⁸

Samstarf keppinautanna Mannvits og Verkís og forvera þeirra á sviði hönnunar jarðvarmavirkjana á sér töluvert langa sögu. Samstarf félaganna á uppruna sinn að rekja til byggingar Nesjavallavirkjunar en undirbúningur þeirrar framkvæmdar hófst um miðjan áttunda áratug síðustu aldar. Samstarfinu á þessu sviði hefur verið haldið áfram, nánast samfleytt frá þessum tíma, en fyrirtækin starfa nú saman við ráðgjöf vegna virkjananna á Þeistareykjum og í Bjarnarflagi. Hafa fyrirtækin og forverar þeirra t.a.m. einnig unnið í sameiningu við verkfræðiráðgjöf vegna Hellsheiðarvirkjunar, virkjunar í Neðri Þjórsá, Búðarhálsvirkjunar, tengivirkis og tengingar virkjana við Landsnet og nýbyggingar Háskólans í Reykjavík. Þá hafa fyrirtækin og forverar þeirra unnið að ýmsum verkefnum tengdum stóriðju á Íslandi í gegnum samstarfsverkefni sitt HRV. Sameiginlega er staða þessara fyrirtækja á markaðnum fyrir ráðgefandi verkfræðistofur afar öflug og sameiginleg hlutdeild þeirra og tengdra félaga á markaðnum er um 70-75% á árinu 2011.

Í upprunalegri samrunaskrá var ekki upplýst um samstarfssögu félaganna. Þá var samstarfi þeirra í gegnum félagið Mannvit-Verkís ekki lýst nema að afar takmörkuðu leyti. Samkeppniseftirlitið sendi Samrunaaðilum, Mannviti og HRV bréf, dags. 11. og 15. október 2012, þar sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um samstarf Verkís og Mannvits í gegnum félögin Mannvit-Verkís, HRV og á öðrum vettvangi. Í kjölfar þess barst eftirlitinu undanþágubeiðni, dags. 16. október 2012, vegna samstarfs Mannvits og Verkís vegna ráðgjafarþjónustu við virkjanirnar á Þeistareykjum og í Bjarnarflagi. Í undanþágubeiðninni segir orðrétt, „*Umbjóðendur okkar [Mannvit og Verkís] meta það sem svo að umrætt samstarf fyrirtækjanna kunnir að fara gegn ákvæðum 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, en uppfylli um leið skilyrði undanþágu samkvæmt 15. gr. laganna.*”

Almenna verkfræðistofan hefur einnig átt í talsverðu samstarfi við aðrar verkfræðistofur á undanförunum árum. Þar á meðal hefur Almenna í nokkrum tilvikum unnið með Verkís, Mannviti og forverum þeirra félaga í sameiginlegum verkefnum. Mörg samstarfsverkefni Almennu eru þó unnin með meðalstórum og minni verkfræðistofum í stærri verkefnum. Bendir það til þess að Almenna sé mikilvægur samstarfsaðili þessara fyrirtækja í stærri verkefnum og þá sérstaklega í verkefnum tengdum virkjunum. Hefur Samkeppniseftirlitinu verið bent á þetta í athugasemdum markaðsaðila við rannsókn málsins.

⁸ Samkeppniseftirlitið fjallaði um stofnun HRV ehf. í máli sem var til skoðunar hjá eftirlitinu á árinu 2007. Í tilkynningu samrunaaðila í því máli kom fram að starfssemi HRV hafi fram að þeim tíma (fyrri hluta árs 2007) eingöngu verið vegna tímabundinna verkefna og hafi ekki byggst á formlegum grunni. Þó hafi verið stofnað sameignarfélag á milli eigenda til að hafa yfirlit og stjórnsýslu um starfinu sem einkum fólst í hönnun, eftirliti og annarri ráðgjafarþjónustu vegna álvers í Reyðarfirði og stækkunarframkvæmda á álveri Norðuráls á Grundartanga. Samrunaaðilar hefðu snemma á árinu 2007 ákveðið að gera samstarfið að framtíðarverkefni með áherslu á erlenda markaði og stofna um samstarfið einkahlutafélag. Undir meðferð málsins gáfu fyrirsvarsmenn hluthafa HRV út yfirlýsingu þess efnis að HRV verði „*óheimilt að taka þátt í almennum verkfræðilegum verkefnum á markaði sem takmarkast við Ísland sem landfræðilegan markaði í skilningi samkeppnislaga. Verkfræðileg verkefni vegna stóriðju, þ.m.t. vegna álvera, teljast ekki til almennra verkfræðilegra verkefna í þessum skilningi.*”

Í ljósi þessa taldi Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að hafast frekar að út af þessari tilkynningu um samruna en áréttaði í bréfi sínu frá 17. október 2007 að „*hvers konar viðskiptaleg samvinna eigenda HRV, innan sem utan vébanda þess félags, sem er til þess fallinn að raska samkeppni á íslenskum markaði fer gegn 10. gr. samkeppnislaga og getur varðað viðkomandi fyrirtæki og einstaklinga viðurlögum.*”



Rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur einnig leitt í ljós samstarf verkfræðistofa innan Félags ráðgjafarverkfræðinga (hér eftir FRV) sem kann að ganga gegn 12. gr. sbr. 10. gr. samkeppnislaga. FRV er samtök atvinnurekenda sem sjá m.a. um kjarasamningsgerð fyrir aðildarfélög. Starfsemi FRV nær m.a. til útboðseftirlits í gegnum svokallaða Útboðsnefnd FRV. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar félagsins nr. 3/2000 er hlutverk nefndarinnar „að taka til umfjöllunar hvaðeina er snertir framkvæmd útboða á starfssviði aðildarfyrirtækjanna og koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum til verkkaupa um það sem ábótavant er að mati nefndarinnar.“ Þá hefur FRV sent ítarlegar launa- og afkomukannanir til aðildarfélaga sinna á undanförunum árum. Í þeim er m.a. spurt um fjölda starfsmanna, hlutfall yfirvinnu, verkefnastöðu, rekstrarafkomu, uppruna tekna og taxta vegna sölu á verkfræðiráðgjöf. Virðist sem svo að FRV telji að hlutverk sitt felist m.a. í því að miðla viðskiptalegum upplýsingum milli aðildarfyrirtækja sinna.

Framangreind atriði leiða til þess að Samkeppniseftirlitið getur ekki litið á hið sameinaða fyrirtæki, Verkís og Almennu, sem fullkomlega sjálfstæða keppinauta á markaði fyrir ráðgefandi verkfræðistofur.

5. Íhlutun

Með hliðsjón af framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að tilefni sé til íhlutunar skv. 17. gr. c. samkeppnislaga í tilefni af samruna Verkís og Almennu verkfræðistofunnar. Áður hefur komið fram að samrunaaðilar hafi lýst yfir vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f laganna og 22. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila hafa leitt til sáttar, sem felur í sér þau skilyrði, sem fram koma í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandkvæði sem af samrunanum stafa.

Skilyrðunum er ætlað að tryggja sjálfstæði hins sameinaða félags sem keppinautar á markaðnum fyrir ráðgefandi verkfræðistofur á Íslandi. Í 4. gr. skilyrðanna er að finna ákvæði til bráðabirgða. Til skýringar á þeim vill Samkeppniseftirlitið taka eftirfarandi fram:

Að mati eftirlitsins hafa komið í ljós vísbendingar um að samstarf keppinauta á markaði fyrir ráðgefandi verkfræðistofur á Íslandi kunní að fara í bága við ákvæði 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið rannsakar í sérstöku stjórnslumáli meint samkeppnishamlandi samstarf fyrirtækja á markaði ráðgefandi verkfræðistofa, bæði samstarf einstakra verkfræðistofa og samstarf innan Félags ráðgjafarverkfræðinga. Er þar m.a. til athugunar samstarf Verkís og Mannvits en þau fyrirtæki eru afar öflug á umræddum markaði.

Verkís og Mannvit verkfræðistofa hafa óskað eftir undanþágu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga fyrir samstarfi félaganna, sem byggir á samstarfssamningi sem undirritaður var þann 9. ágúst 2011 í kjölfar útboðs Landsvirkjunar og Þeistareykja ehf. NAL-60, vegna ráðgjafarþjónustu við jarðvarmavirkjanir á Þeistareykjum og í Bjarnarflagi. Um undanþágubeiðnina er fjallað í sérstöku stjórnslumáli.

Það samstarf sem til rannsóknar er í þeim stjórnslumálum sem hér hefur verið vísað til kann að hafa umtalsverð áhrif á samkeppni á markaði fyrir ráðgefandi verkfræðistofur á



Íslandi og gerð þess markaðar. Í þeim málum mun vera leyst úr hugsanlegum brotum gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga á markaðnum. Skiptir miklu máli við mat á samkeppni á umræddum markaði hvort full og óskoruð samkeppni ríki milli Mannvits og Verkís. Þar sem samrunamálum er settur sérstakur tímafrestur í lögum er ekki unnt að fresta þessu máli þar til rannsókn á ætluðu ólögætu samstarfi lýkur. Í því ljósi eru sett bráðabirgðaákvæði með skilyrðum þessum sem ætlað er að tryggja sjálfstæði hins sameinaða félags gagnvart keppinautum þess.

Ákvörðunarorð:

„Samningur Verkís hf. og Almennu verkfræðistofunnar hf. um sameiningu félaganna felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga er samrunanum sett skilyrði. Með setningu skilyrðanna er ekki þörf á ógildingu samrunans:

1. gr.

Markmið ráðstafana

Hið sameinaða félag, Verkís og Almenna, fellst á að grípa til þeirra ráðstafana sem tilgreindar eru í skilyrðum þessum. Markmið ráðstafanna er að verja og efla samkeppni á markaði fyrir ráðgefandi verkfræðistofur á Íslandi og vinna gegn þeim samkeppnishömlum sem annars kynnu að stafa af samruna félaganna.

2. gr.

Samstarf við stærri verkfræðistofur

Hinu sameinaða félagi og tengdum félögum er óheimilt að hefja samstarf vegna nýrra verkefna með Mannviti hf. eða Eflu hf. verkfræðistofu á markaði fyrir ráðgefandi verkfræðistofur á Íslandi nema að fenginni sérstakri undanþágu Samkeppniseftirlitsins á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga.

Með tengdum félögum er átt við önnur félög innan samstæðu hins sameinaða félags.

3. gr.

Trúnaðarupplýsingar

Hið sameinaða félag skal tryggja að upplýsingar um verðlagningu, verkefni, fyrirhugaða þátttöku í útboðum og aðrar trúnaðarupplýsingar berist ekki til keppinauta. Skal það gert með innri verklagsreglum og öðrum nauðsynlegum aðgerðum sem kynntar skulu fyrir öllum starfsmönnum hins sameinaða félags.

Áður en umræddar verklagsreglur verða settar mun hið sameinaða félag leita álits Samkeppniseftirlitsins á efni þeirra. Skal við það miðað að umræddar verklagsreglur verði settar eigi síðar en tveimur mánuðum frá undirritun sáttar vegna samrunans.



4. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Vegna þeirra álitamála sem varða samstarf keppinauta á markaði ráðgefandi verkfræðistofa og lýst hefur verið setur Samkeppniseftirlitið samruna Verkís og Almennu verkfræðistofunnar eftirfarandi skilyrði til bráðabirgða. Þessi skilyrði munu falla úr gildi þegar endanleg niðurstaða liggur fyrir í þeim stjórnslumálum sem vísað hefur verið til. Þrátt fyrir framangreint mun b. liður bráðabirgðaákvæðisins falla úr gildi þegar endanleg niðurstaða liggur fyrir vegna rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á starfsemi Félags ráðgjafarverkfræðinga.

Með hugtakinu endanleg niðurstaða er átt við þegar málinu lýkur endanlega sem getur eftir atvikum verið með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála eða niðurstöðum dómstóla.

a. Félög í eigu hins sameinaða félags og keppinauta þess

Tryggt skal að félög sem hið sameinaða félag á með keppinautum séu rekin með sjálfstæðum hætti. Skal starfsemi þeirra takmarkast við tilgang sinn og skal þess gætt að engar upplýsingar um verð, verkefni eða önnur viðskiptaleg atriði sem eðlilegt er að leynt fari berist á milli keppinautanna.

Sjálfstæði félaga sem hið sameinaða félag á með keppinautum þess skal m.a. tryggt með eftirfarandi aðgerðum:

- Hið sameinaða félag skal setja ákvæði um eftirlit með rekstri slíkra félaga og meðferð trúnaðarupplýsinga úr rekstri þeirra í verklagsreglum sem vísað er til 3. gr. þessara skilyrða.
- Félög sem hið sameinaða félag á með keppinautum skulu ekki hafa sama endurskoðanda og hið sameinaða félag.
- Allir stjórnarmenn sem hið sameinaða félag hefur skipað og mun skipa í stjórn félaga sem það á með keppinautum sínum skulu vera óháðir. Á þetta við um rekstur HRV (HRV Holding ehf., HRV ehf. og HRV Development ehf.), Mannvits-Verkís ehf. og annarra félaga sem rekin eru í samstarfi við keppinauta.

Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá hinu sameinaða félagi, eða fyrirtækjum sem félagið á meira en 15% eignarhlut í, er ekki maki stjórnarmanns eða í framkvæmdastjórn hjá ofangreindum aðilum, skyldur þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Þá telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá fyrirtæki sem hefur yfirráð yfir hinu sameinaða félagi eða hefur verulegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi hins sameinaða félags og dótturfélaga. Þeir sem sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila teljast ekki óháðir.

Stjórnarmönnum sem hið sameinaða félag skipar í stjórn félaga sem það rekur með keppinautum skal kynnt efni skilyrðanna. Skulu þeir undirrita yfirlýsingu þar sem þeir skuldbinda sig til þess að starfa eftir skilyrðunum. Hinu sameinaða félagi er óheimilt að grípa til neinna ráðstafana sem ætlað er að vinna gegn því að stjórnarmenn geti stuðlað að því að félagið starfi skv. skilyrðum þessum. Telji stjórnarmenn sem skipaðir eru af



hinu sameinaða félagi að unnið sé gegn markmiði þessara skilyrða skulu þeir vekja athygli Samkeppniseftirlitsins á þeim anmörkum.

Nýjir stjórnarmenn í félögum sem hið sameinaða félag á með keppinautum skulu vera skipaðir fyrir lok janúar 2013.

b. Félag ráðgjafarverkfræðinga

Hið sameinaða félag skal hætta þátttöku í starfsemi Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) á gildistíma þessa ákvæðis. Félagið skal þannig hvorki taka þátt í könnunum FRV á afkomu aðildarféлага, launakönnunum, fundum útboðsnefndar félagsins eða öðrum störfum þess. Í þessu felst óhjákvæmilega að starfsmenn hins sameinaða félags segi sig úr stjórn FRV og jafnframt að þeir gegni ekki öðrum trúnaðarstörfum á vegum FRV.

c. Önnur samstarfsverkefni

Standi til að hið sameinaða félag taki þátt í samstarfsverkefnum með öðrum keppinautum en nefndir eru í 2. gr. þessara skilyrða skal Samkeppniseftirlitið upplýst skriflega um eðli og umfang þess samstarfs.

5. gr.

Framkvæmd

Hið sameinaða félag mun kappkosta að starfa í hvívetna í samræmi við skilyrði þessi. Í því augnamiði mun félagið standa fyrir kynningu á skilyrðum þessum á meðal starfsmanna félagsins.

6. gr.

Endurskoðun

Að fengnu rökstuddu erindi frá hinu sameinaða félagi skal Samkeppniseftirlitið taka rökstudda afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að viðhalda skilyrðum í ákvörðun þessari m.t.t. aðstæðna á markaði. Slíkt erindi skal berast í fyrsta lagi þremur árum eftir gildistöku skilyrðanna/sáttarinnar. Að öðru leyti gilda um þetta ákvæði 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

7. gr.

Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga. Það sama á við um brot á fyrirmælum til bráðabirgða.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson